

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps vegna frístundabyggðar F76, Bjarnastaða.

Skipulagsstofnun staðfesti 5. september 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 5. apríl 2023.

Í breytingunni felst að afmörkun og staðsetning frístundabyggðar F76 í landi Bjarnastaða er færð til fyrra horfs eins og hún var sýnd í eldra aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Svæðið stækkar um 13 ha og landbúnaðarsvæði L2 minnkar til samræmis.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 5. september 2023.*

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 19. september 2023